

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2010/EES/30/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	1
2010/EES/30/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	4
2010/EES/30/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	9
2010/EES/30/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	11
2010/EES/30/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	13
2010/EES/30/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	15
2010/EES/30/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	19
2010/EES/30/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	21
2010/EES/30/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	23
2010/EES/30/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	24
2010/EES/30/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	26
2010/EES/30/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	29

2010/EES/30/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	31
2010/EES/30/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	32
2010/EES/30/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	33
2010/EES/30/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	34
2010/EES/30/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	35
2010/EES/30/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn	37
2010/EES/30/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn	38
2010/EES/30/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	39
2010/EØS/30/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn	41

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2010

2010/EES/30/01

frá 1. mars 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1244/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar framkvæmdarráðstafanir vegna tiltekinna afurða úr dýraríkinu, sem ætlaðar eru til manneldis, og um tilteknar reglur um opinbert eftirlit er varðar skoðun á kjöti ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1245/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2075/2005 að því er varðar notkun fljótandi pepsíns til að greina tríkínu í kjöti ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1246/2007 frá 24. október 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 að því er varðar framlengingu aðlögunartímabilsins sem veitt er stjórnendum matvælafyrirtækja sem flytja inn fisklýsi til manneldis ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 46.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 19.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21.

- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli ⁽⁸⁾.
- 9) Að því er varðar I. kafla I. viðauka tekur ákvörðun þessi til Íslands að teknu tilliti til aðlögunarfrests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 ⁽⁹⁾.
- 10) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. og II. viðauka við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 479/2007, 1243/2007, 1244/2007, 1245/2007, 1246/2007 og 1441/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*). Hafi ekki allar tilkynningar borist þann dag, öðlast hún gildi daginn eftir að síðasta tilkynningin berst sameiginlegu EES-nefndinni. Beita skal ákvæðum ákvörðunar þessarar til bráðabirgða frá 1. mars 2010 þar til hún öðlast gildi.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 322, 7.12.2007, bls. 12.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 34.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2010

Ákvæði I. og II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 134. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 1244**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1244/2007 frá 24. október 2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 12).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 135. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005) í hluta 1.2 og 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 0479**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2007 frá 27. apríl 2007 (Stjtið. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 46),
 - **32007 R 1246**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1246/2007 frá 24. október 2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 1243**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 frá 24. október 2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8).“
4. Eftirfarandi bætist við í 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 1441**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/2007 frá 5. desember 2007 (Stjtið. ESB L 322, 7.12.2007, bls. 12).“
5. Eftirfarandi bætist við í 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 1244**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1244/2007 frá 24. október 2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 12).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32007 R 1245**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1245/2007 frá 24. október 2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 19).“
7. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í XII. kafla II. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32007 R 1441**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1441/2007 frá 5. desember 2007 (Stjtið. ESB L 322, 7.12.2007, bls. 12).“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 18/2010****2010/EES/30/02****frá 1. mars 2010****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 301/2008 frá 17. mars 2008 um aðlögun á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008 frá 28. júlí 2008 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofum Bandalagsins fyrir sjúkdóma í krabbadýrum, hundaaði og berkla í nautgripum, um frekari skyldur og verkefni fyrir tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins að því er varðar hundaaði og berkla í nautgripum og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1019/2008 frá 17. október 2008 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1020/2008 frá 17. október 2008 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu og reglugerð (EB) nr. 2076/2005 að því er varðar auðkennismerkingar, hrámjólk og mjólkurafurðir, egg og eggjaafurðir og tiltekna lagarafurðir ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1021/2008 frá 17. október 2008 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og reglugerð (EB) nr. 2076/2005 að því er varðar lifandi samlokur, tiltekna lagarafurðir og starfsfólk sem aðstoðar við opinbert eftirlit í sláturhúsum ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1022/2008 frá 17. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir heildarmagn rokgjarnra niturbasa (TVB-N) ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 85.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 29.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 8.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 15.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 18.

- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1023/2008 frá 17. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 að því er varðar framlengingu aðlögunartímabilsins sem veitt er stjórnendum matvælafyrirtækja sem flytja inn fisklýsi til manneldis ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1029/2008 frá 20. október 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 til að uppfæra tilvisun í tiltekna Evrópustaðla ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1250/2008 frá 12. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar vottunarkröfufur vegna innflutnings lagarafurða, lifandi samlokna, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla til manneldis ⁽¹¹⁾.
- 12) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/337/EB frá 24. apríl 2008 um breytingu á ákvörðun 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar leiðbeiningar og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita ⁽¹²⁾.
- 13) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/654/EB frá 24. júlí 2008 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð ársskýrslu um eina, samþætta, landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽¹³⁾.
- 14) Að því er varðar I. kafla I. viðauka tekur ákvörðun þessi til Íslands að teknu tilliti til aðlögunarfrests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuð ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁴⁾.
- 15) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. og II. viðauka við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 301/2008, 737/2008, 1019/2008, 1020/2008, 1021/2008, 1022/2008, 1023/2008, 1029/2008 og 1250/2008 og ákvarðana 2008/337/EB og 2008/654/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*). Hafi ekki allar tilkynningar borist þann dag, öðlast hún gildi daginn eftir að síðasta tilkynningin berst sameiginlegu EES-nefndinni. Beita skal ákvæðum ákvörðunar þessarar til bráðabirgða frá 1. mars 2010 þar til hún öðlast gildi.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 21.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 278, 21.10.2008, bls. 6.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 31.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 115, 29.4.2008, bls. 33.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 56.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 34.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010

Ákvæði I. og II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32008 R 0301**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 301/2008 frá 17. mars 2008 (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 85),
 - **32008 R 0737**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008 frá 28. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 29),
 - **32008 R 1029**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1029/2008 frá 20. október 2008 (Stjtið. ESB L 278, 21.10.2008, bls. 6).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004) í hluta 1.1 og 135. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32008 R 1021**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1021/2008 frá 17. október 2008 (Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 15).“
3. Eftirfarandi bætist við í 132. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/968/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32008 D 0337**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/337/EB frá 24. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 115, 29.4.2008, bls. 33).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 143. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „144. **32008 D 0654**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/654/EB frá 24. júlí 2008 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð ársskýrslu um eina, samþætta, landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 56).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 40. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007) í hluta 3.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „41. **32008 R 0737**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008 frá 28. júlí 2008 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofum Bandalagsins fyrir sjúkdóma í krabbadýrum, hundaæði og berkla í nautgripum, um frekari skyldur og verkefni fyrir tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins að því er varðar hundaæði og berkla í nautgripum og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 29).

Ákvæði þessarar gerðar taka til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“
6. Eftirfarandi bætist við í 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í hluta 6.1. í I. kafla I. viðauka:
 - „eins og henni var breytt með:
 - **32008 R 1019**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1019/2008 frá 17. október 2008 (Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 7).“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1. í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32008 R 1020**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1020/2008 frá 17. október 2008 (Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 8).“
8. Eftirfarandi undirliður bætist við í 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32008 R 1022**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1022/2008 frá 17. október 2008 (Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 18),
 - **32008 R 1250**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1250/2008 frá 12. desember 2008 (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 31).“
9. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka:
 - „– **32008 R 1020**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1020/2008 frá 17. október 2008 (Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 8),
 - **32008 R 1023**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1023/2008 frá 17. október 2008 (Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 21).“

10. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 31j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í II. kafla I. viðauka:
- „– **32008 R 0301**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 301/2008 frá 17. mars 2008 (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 85),
 - **32008 R 1029**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1029/2008 frá 20. október 2008 (Stjtið. ESB L 278, 21.10.2008, bls. 6).“
11. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 31o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009) í II. kafla I. viðauka:
- „31p. **32008 D 0654**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/654/EB frá 24. júlí 2008 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð ársskýrslu um eina, samþætta, landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 56).“
12. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í XII. kafla II. viðauka:
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 R 1019**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1019/2008 frá 17. október 2008 (Stjtið. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 7).“
13. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í XII. kafla II. viðauka:
- „– **32008 R 0301**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 301/2008 frá 17. mars 2008 (Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 85),
 - **32008 R 1029**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1029/2008 frá 20. október 2008 (Stjtið. ESB L 278, 21.10.2008, bls. 6).“
14. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzd (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB) í XII. kafla II. viðauka:
- „54zzzze. **32008 D 0654**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/654/EB frá 24. júlí 2008 um viðmiðunarreglur til að aðstoða aðildarríkin við gerð ársskýrslu um eina, samþætta, landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 56).“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2010****2010/EES/30/03****frá 12. mars 2010****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 832/2007 frá 16. júlí 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 197/2006 að því er varðar notkun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu og framlengingu gildistíma bráðabirgðaráðstafana í tengslum við slík matvæli ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 829/2007 frá 28. júní 2007 um breytingu á I., II., VII., VIII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar setningu tiltekinna aukaafurða úr dýrum á markað ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 frá 5. desember 2007 um breytingu á I., II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar merkingar og flutning aukaafurða úr dýrum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1576/2007 frá 21. desember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 92/2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar aðferðir við förgun eða notkun á aukaafurðum úr dýrum ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) Ákvörðun þessi tekur til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka á þeim sviðum sem vörðuðu ekki Ísland áður en kaflinn var endurskoðaður samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 26. október 2007 ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002) í hluta 7.1:
 - „– **32007 R 0829**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 829/2007 frá 28. júní 2007 (Stjtið. ESB L 191, 21.7.2007, bls. 1),
 - **32007 R 1432**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 frá 5. desember 2007 (Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 13).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 185, 17.7.2007, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 191, 21.7.2007, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 89.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 34.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 92/2005) í hluta 7.2:

„– **32007 R 1576**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1576/2007 frá 21. desember 2007 (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 89).“

3. Eftirfarandi bætist við í 45. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 197/2006) í hluta 7.2:

„eins og henni var breytt með:

– **32007 R 0832**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 832/2007 frá 16. júlí 2007 (Stjtið. ESB L 185, 17.7.2007, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 832/2007, 829/2007, 1432/2007 og 1576/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2007 frá 26. október 2007, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2010

2010/EES/30/04

frá 12. mars 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1095/2008 frá 6. nóvember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 109/2007 að því er varðar skilmála leyfis fyrir fôðurukefninu natríummónensini (Coxidin) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2008 frá 6. nóvember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1356/2004 að því er varðar skilmála leyfis fyrir fôðurukefninu Elancoban, sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1253/2008 frá 15. desember 2008 um að leyfa koparklósamband af hýdroxýluðu hliðstæðuefni metíóníns sem fôðurukefni ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1356/2004):
„**32008 R 1096**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2008 frá 6. nóvember 2008 (Stjtið. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 5).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 109/2007):
„**32008 R 1095**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1095/2008 frá 6. nóvember 2008 (Stjtið. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 3).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009):
„1zzzzzc. **32008 R 1253**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1253/2008 frá 15. desember 2008 um að leyfa koparklósamband af hýdroxýluðu hliðstæðuefni metíóníns sem fôðurukefni (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 78).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1095/2008, 1096/2008 og 1253/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 298, 7.11.2008, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 78.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2010****2010/EES/30/05****frá 12. mars 2010****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore) sem fôðuraukefni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 (Ecobiol og Ecobiol plus) sem fôðuraukefni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 (Levucell SC20 og Levucell SC10 ME) sem fôðuraukefni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009 frá 3. febrúar 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknu aukefni í fôðri ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1253/2008) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzzzd. **32008 R 1290**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore) sem fôðuraukefni (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 20).

1zzzzze. **32008 R 1292**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 (Ecobiol og Ecobiol plus) sem fôðuraukefni (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 36).

1zzzzzf. **32008 R 1293**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1293/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 (Levucell SC20 og Levucell SC10 ME) sem fôðuraukefni (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 38).

1zzzzzg. **32009 R 0102**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009 frá 3. febrúar 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknu aukefni í fôðri (Stjtið. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 8).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 36.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 38.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 8.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1290/2008, 1292/2008, 1293/2008 og 102/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2010****2010/EES/30/06****frá 12. mars 2010****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 886/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fôðuraukefni fyrir hesta (leyfishafi er Alltech France) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009 frá 25. september 2009 um að leyfa 25-hýdroxýkólekalísiferól í stöðguðu formi sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aðra alifugla og svin ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 888/2009 frá 25. september 2009 um að leyfa sinkklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni metíóníns sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 896/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Prosol SpA) ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 897/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1447/2006, (EB) nr. 186/2007, (EB) nr. 188/2007 og (EB) nr. 209/2008 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir fôðuraukefninu *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc 47 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 899/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1290/2008 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir blöndu með *Lactobacillus rhamnosus* (CNCM-I-3698) og *Lactobacillus farciminis* (CNCM-I-3699) (Sorbiflore) ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 900/2009 frá 25. september 2009 um að leyfa selenmetíónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-3399, sem fôðuraukefni ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 902/2008 frá 28. september 2009 um að leyfa ensímblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 114044), sem fôðuraukefni fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, eldiskjúklinga, kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Roal Oy) ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 66.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 68.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 71.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 6.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 8.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 11.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 12.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 23.

- 10) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009 frá 28. september 2009 um að leyfa blöndu með *Clostridium butyricum* MIYAIRI 588 (FERM-P 1467) sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, umboðsaðili er Mitsui & Co. Deutschland GmbH) ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009 frá 28. september 2009 um að leyfa gúanidinedíksýru sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga ⁽¹¹⁾.
- 12) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 905/2009 frá 28. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 537/2007 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir gerjunarafurð *Aspergillus oryzae* (NRRL 458) (Amaferm) ⁽¹²⁾.
- 13) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2009 frá 29. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fóðurukefni fyrir hesta (leyfishafi er Lallemand SAS) ⁽¹³⁾.
- 14) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009 frá 29. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðurukefni fyrir laxfiska og rækjur (leyfishafi er Lallemand SAS) ⁽¹⁴⁾.
- 15) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1443/2006):
„eins og henni var breytt með:
 - **32009 R 0887**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009 frá 25. september 2009 (Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 68).“
2. Eftirfarandi bætist við í liði 1zzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1447/2006), 1zzzi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 188/2007), 1zzzk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 186/2007), og 1zzzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 209/2008):
„eins og henni var breytt með:
 - **32009 R 0897**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 897/2009 frá 25. september 2009 (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 8).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007):
„eins og henni var breytt með:
 - **32009 R 0905**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 905/2009 frá 28. september 2009 (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 30).“
4. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1290/2008):
„eins og henni var breytt með:
 - **32009 R 0899**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 899/2009 frá 25. september 2009 (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 11).“

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 26.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 28.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 30.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 7.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 10.

5. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzzzg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009):
- „1zzzzzh. **32009 R 0886**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 886/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 493.94 sem fôðuraukefni fyrir hesta (leyfishafi er Alltech France) (Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 66).
 - 1zzzzzi. **32009 R 0887**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 887/2009 frá 25. september 2009 um að leyfa 25-hýdroxýkólekalasiferól í stöðguðu formi sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og aðra alifugla og svín (Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 68).
 - 1zzzzzj. **32009 R 0888**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 888/2009 frá 25. september 2009 um að leyfa sinkklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni metióníns sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 71).
 - 1zzzzzk. **32009 R 0896**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 896/2009 frá 25. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Saccharomyces cerevisiae* MUCL 39885 sem fôðuraukefni fyrir gyltur (leyfishafi er Prosol SpA) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 6).
 - 1zzzzzl. **32009 R 0900**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 900/2009 frá 25. september 2009 um að leyfa selenmetiónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-3399, sem fôðuraukefni (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 12).
 - 1zzzzzm. **32009 R 0902**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 902/2008 frá 28. september 2009 um að leyfa ensimblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 114044), sem fôðuraukefni fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, eldiskjúklinga, kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Roal Oy) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 23).
 - 1zzzzzn. **32009 R 0903**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009 frá 28. september 2009 um að leyfa blöndu með *Clostridium butyricum* MIYAIRI 588 (FERM-P 1467) sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Mitsui & Co. Deutschland GmbH) (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 26).
 - 1zzzzzo. **32009 R 0904**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009 frá 28. september 2009 um að leyfa gúanidinediksýru sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 28).
 - 1zzzzzp. **32009 R 0910**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 910/2009 frá 29. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1077 sem fôðuraukefni fyrir hesta (leyfishafi er Lallemand SAS) (Stjtið. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 7).
 - 1zzzzzq. **32009 R 0911**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009 frá 29. september 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fôðuraukefni fyrir laxfiska og rækjur (leyfishafi er Lallemand SAS) (Stjtið. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 886/2009, 887/2009, 888/2009, 896/2009, 897/2009, 899/2009, 900/2009, 902/2009, 903/2009, 904/2009, 905/2009, 910/2009 og 911/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2010****2010/EES/30/07****frá 12. mars 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007 ⁽²⁾ var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ⁽³⁾ felld inn í samninginn og tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 96/3/KBE, KSE, EB ⁽⁴⁾, 98/28/EB ⁽⁵⁾ og 2004/4/EB ⁽⁶⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 92, felldar úr samningnum.
- 3) Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, skulu tilskipanir 96/3/KBE, KSE, EB, 98/28/EB og 2004/4/EB gilda áfram þar til þeim verður skipt út með ákvörðunum sem eru teknar í samræmi við þá reglugerð eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁷⁾. Slíkar ákvarðanir hafa ekki enn verið teknar.
- 4) Af þeim sökum ber að fella tilskipanir 96/3/KBE, KSE, EB, 98/28/EB og 2004/4/EB inn í samninginn að nýju.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

